

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 21-23, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, fax 456-7088

Bolungarvík 21. apríl 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Mál 524:

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða á frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanbágum fr I. kafla I. viðauka við EES – smninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.

Eingöngu eru skoðaðar þær breytingar sem lúta að matvælaögum, verkswiði heilbrigðiseftirlits.

3. grein

2.liður orðist svo

Frumframleiðsla er framleiðsla, eldi eða ræktun undirstöðuafurða ásamt uppskeru, og eldi dýra fram að slátrun. Frumframleiðsla tekur einnig til dýra- og fiskveiða.

Greinargerð: Menn þurfa að muna eftir sögunni. Þannig var gerilsneyðing tekin upp til að losna við útbreiðslu á taugaveiki og berklum. Vissulega er í dag heilsufar húsdýra annað en þá og önnur lönd leyfa þessa vöru. Á síðasta ári voru 4 dauðsföll af völdum listeríu í Norgi vegna ostagerðar. Annar faraldur listeríu vegna osta úr ógerilsneyddri mjólk var árið 2002 í North Carolina í Bandaríkjunum. Við þurfum allavega að muna eftir sögunni og gera okkur grein fyrir þeirri áhættu sem við tökum með þessu skrefi. Hvert mannlíf og fóstur sem tapast vegna lagabreytinga, er einu lífi of mikið.

4. grein

a) orðist svo frumframleiðsla, innflutning og útflutningi búfjárafurða.

Greinargerð: Í frumvarps drögum er heimilaður innflutningur á búfjárafurðum. Þar með eru lagðar auknar skyldur á herðar sveitarfélaganna sem sjá um eftirlit á neytendamarkaði, hvergi er í frumvarpsdrögum gerð grein fyrir því hvernig sveitarfélögum verður bættur sá kostnaður. Ekki má leggja álögur á sveitarfélög nema að gerð verði grein fyrir kostnaði og hann borinn undir samband sveitarfélaga.

c) orðist svo: Matvælastofnu hefur yfirumsjón með matvælaeftirliti í landinu og skal leitast við að tryggja með fræðslu og leiðbeiningum að framkvæmd sé með sama hætti um land allt.

Greinargerð: Vakin er athygli á því að matvælaöryggi á Íslandi er með því besta sem þekktist í heiminum. Þessu hefur verið náð án miðstýringar.

7. grein

10. lína Ráðherra skal setja reglur um að þeir sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla skuli sækja námskeið.

Greinargerð: Það er löngu tímabært að setja reglur varðandi þjálfun starfsfólks í matvælaiðnaði. Þekkingarskortur þeirra sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla er alltof oft veikasti hlekkurinn. Gera þarf sérkröfur til stjórnenda og lánmarkskröfur til starfsfólks.

21. grein frumvarps.

Undirritaður telur að þessi grein þurfi að vera skýrari því óljóst er lívsnig skuli beita þeim þvingunarúræðum sem þarna eru heimiluð. Nauðsynlegt er að endurskrifa greinina og fá til þess kunnáttuaðila í stjórnsýslulögum. Þannig að tryggt sé að þvingunaraðgerðir haldi fyrir dómi.

Greinargerð: Það er tilgangur laga að farið sé eftir þeim, en það er jafnmikilvægt að hægt sé að þvinga þá sem kjósa að brjóta löginn yfir á rétta braut.

Virðingarfyllst



Anton Helgason
Heilbrigðisfulltrúi